



Stjórn Veitna ohf.

B.t. Guðrúnar Erlu Jónsdóttur, form.

Bæjarhálsi 1

110 Reykjavík

Varðar: Auglýsingu um lausar stöður forstöðumanna hjá Veitum.

Veitur ohf. auglýsa nú lausar til umsóknar fjórar stöður forstöðumanna. Um er að ræða forstöðumann rafveitu, stefnu og árangurs, vatnsveitu og fráveitu. Verkfræðingafélag Íslands gerir athugasemdir við menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar eru varðandi þrjár hinar síðasttöldu.

Hafa verður í huga að þessir einstaklingar eiga að leiða uppbyggingu og viðhald, tækniþróun og nýsköpun í mikilvægum innviðum samfélagsins. Ekki er gerð krafa um menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði eða reynslu á því sviði heldur sagt í auglýsingu: „Tæknileg innsýn skiptir máli en sérfræðipækkingar ekki krafist“. Aðrar menntunar- og hæfniskröfur bera allar að sama brunni, eru afar huglægar og lítt mælanlegar.

Til dæmis á forstöðumaður vatnsveitu að „leiða teymi sérfræðinga og bera ábyrgð framtíðarsýn, afkomu og arðsemi veitunnar ásamt því að sinna nýsköpun og þróun.“ Erfitt er að sjá hvernig þessu hlutverki verði sinnt án sérfræðipækkingar sem byggir á grunni viðurkenndrar háskólamenntunar í tæknifræði eða verkfræði. Það er einnig illskiljanlegt hvers vegna er ekki horft til mikilvægis verkfræðilegrar þekkingar, sem segja má að hafi verið lykilstefið í framþróun hjá OR og forverum fyrirtækisins. Nægir að benda á nýtingu jarðhitans í því sambandi.

Forsendur við ráðningu í þessar mikilvægu stöður koma stjórn Verkfræðingafélags Íslands spáskt fyrir sjónir. Er hér með óskað eftir skýringum á því hvers vegna tæknileg innsýn er talinn fullnægjandi og afhverju sérfræðipækkingu og háskólamenntun á sviði verkfræði er gert svo lágt undir höfði.

Reykjavík, 20. september 2018.

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.

Páll Gíslason, formaður VFÍ.